



Fróðleiksmolar

Vistvænni jól á vinnustaðnum

Fjöldamörg ráð eru til fyrir einstaklinga sem vilja leggja áherslu á að halda umhverfisvænni jól varðandi jólagjafakaup, umbúðir og orkugjafa. Í vinnunni mæta okkur aðeins öðruvísi úrlausnarefni en inni á heimilum ef við viljum leggja áherslu á vistvænan rekstur.

Jólakortalistinn

Mörg fyrirtæki eru farin að senda rafrænar árnaðaróskir til viðskiptavina og starfsmanna. Þau fyrirtæki sem láta prenta kortin á pappírsmoti geta leitað til fjöldamargra umhverfisvottaðra prentsmiðja og hugað að því að nota umhverfisvænan SFC vottaðan pappír í kortin og umslögin. Einnig er ágætt að skoða hvort listinn yfir viðtakendur hafi breyst á árinu og hvort skera mætti niður jólakortafjöldann. Ef þið fáið sjálf jólakort er gott að skila frímerktum umslögum til góðgerðamála, Kristniboðssambandið tekur t.d. við frímerktum umslögum, <http://www.sik.is/frimerki>



Jólaskreytingarnar

Tilvalið er að efla starfsandann með jólaföndri á jólaskreytingum úr endurunnu efni. Á skrifstofum falla til prentuð blöð úr misheppnaðri prentun, ónýtir geisladiskar og stór ílát undan matvælum. Virkjum hugmyndaflugið og nýtum allt sem til er eða kaupum skraut sem endist vel.

Jólaboð

Desember er mánuður þar sem starfsmenn lyfta sér oft upp en aðrar daga og stundum er áfengi haft um hönd. Með því að skipuleggja viðburðina þar sem auðvelt er að komast í strætó má hvetja til ábyrgari og vistvænni ferðamáta. Ef leigubílar eru notaðir er skynsamlegt að biðja sérstaklega um vistvæna bíla.

Myndatexti: Ónýtir tölvudiskar og pappír klippt til í flottar stjörnur.
Mynd tekin í fundarherbergi í Borgartúni.



Jólagjafir til viðskiptavina og starfsmanna

Það er góður siður að gefa gjafir enda er sælla að gefa en að þiggja. Gjafir sem falla í grýttan farveg og enda jafnvel í ruslinu eru hvorki góðar hvorki fyrir þann sem gefur né þann sem þiggur. Viðskiptavinir og starfsmenn eru yfirleitt fjölbreyttur hópur með mismunandi þarfir. Sumir verða alsælir með flísteppi á meðan aðrir fussa og sveia. Það má íhuga að gefa upplifun eða gjafakort í stað hluta ef þið eruð ekki viss um það hvort eða hvernig hluturinn getur nýst starfsmönnum. Lykilatriðið er að gefa sér tíma til þess að velja gjöfina, íhuga þörfina og hafa gjöfina sem umhverfisvænsta og nýtilegasta.

Þetta á einnig við með gjafir á milli starfsmanna, í pakkaleik eða leynivinaleik. Höfum í huga að við framleiðslu allra hluta verður til meiri úrgangur en þegar hlutum er hent. Hér er tækifæri til þess að draga úr úrgangi. Umhverfisvænni gjafir eru matargjafir (best að gera sjálfur), upplifun, gefa notaða og endurnýttu hluti eða handgerða hluti, til dæmis að útbúa fallegar hugleiðingar á pappír og ramma inn.

Annað sem þarf að hafa í huga er innpökkunin. Sé gjöfinni pakkað inn af söluaðila vörunnar má alveg koma á framfæri óskum um lágmark umbúða eða vistvæna innpökkun. Sjái vinnustaðurinn um þetta sjálfur er um að gera að nýta það sem til er á vinnustaðnum og nota hugmyndaflugíð. Margir kunna að meta gjafir sem er pakkað inn á skapandi hátt. Blaðsíður úr gömlum tímaritum, gamlar auglýsingar, plaköt, uppdættir og landakort er frábær efniviður til að pakka inn.



Myndatexti: Hér má sjá leynivina gjöf sem er í anda Grænu skrefanna. Innihaldið er matarkyns, gjafapokinn og skrautbandið er endurnýtt (hefur verið notað áður) og merkimiðið er klipptur út af konfektkassa.

Áramót

Grænu skrefin mæla með því að vinnustaðir og starfsmannafélög leggi frekar peninga í að styrkja björgunarsveitirnar beint eða gróðursetja tré heldur en að kaupa flugelda.

Sjá einnig fjöldamörg ráð um græn jól hér á heimasíðu Umhverfisstofnunar: <https://www.ust.is/graent-samfelag/graenn-lifstill/neysla-innkaup/jol-og-aramot/>